

Fundarboðandi: Starfsmaður f.h. formanns *Fundarstaður:* Fjarfundur, aukafundur

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir *Dagsetning:* 10.02.23

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir *Fundartími:* 13:00-13:30

Pátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) og Guðrún Birna Brynjarsdóttir varamaður Hilmars Vilbergs Guðjónssonar (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (Dýralæknir hrossasjúkdóma)

Dagskrá

1. Umsókn um dýratilraunir. Flýtimeðferðar hafði óskað.

Aðferð til ákvörðunar þekjugegndræpis öndunarvegslímhúðar með xylitóli og athugun lyfjaáhrifa á gegndræpið.

Umræða

1. Aðferð til ákvörðunar þekjugegndræpis öndunarvegslímhúðar með xylitóli og athugun lyfjaáhrifa á gegndræpið.

Fagråd veitir samróma jákvæða umsögn. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Önnur mál

2. Hlutverk formanns fagráðs rætt. Störf fagráðs og samskipti við Matvælastofnun rædd. Ákveðið að á næsta fundi yrðu viðbrögð Matvælastofnunar við ályktunum fagráðs um velferð dýra tekin upp.
3. Þóknun fyrir störf fagráðs, starfsmaður ráðsins upplýsti að svör við fyrirspurnum til matvælaráðuneytisins hefðu ekki enn borist, umræðum frestað.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:30